

Breytingartillögur Silju Báru Ómarsdóttur

við tillögu C-nefndar að texta í áfangaskjali

lagðar fram á 11. fundi Stjórnlagaráðs, 3. júní 2011

1. gr. Meðferð utanríkismála

Grein eftir breytingu	Tillaga að breytingu	Tillaga nefndar
Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. <u>Ísland skal aldrei fara með ófriði á hendur öðrum ríkjum.</u>	Bæta við friðarákvæði. <u>Valkostur 1:</u> Ísland skal aldrei fara með ófriði á hendur öðrum ríkjum. <u>Valkostur 2:</u> Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis. <u>Valkostur 3:</u> Ákvörðun um stuðning við stríð skal háð samþykki Alþingis.	Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.

Viðbótin byggir á innsendum erindum og sterkum skilaboðum frá þjóðfundi um að Ísland skuli vera herlaust land og ríki friðar. Hún tengir við tillögu stjórnlaganefndar um að í þessari grein sé tiltekið að ákvarðanir um aðild að stríði megi ekki taka án aðkomu og samþykkis þingsins.

Valkostur 1 gengur lengst og byggir á innsendu erindi Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, MFÍK, sem sendu inn þetta orðalag, auk tillagna um að lýsa skuli landið kjarnorkulaust svæði og það skuli standa utan hernaðarbandalaga. Ekki er gengið svo langt hér, en tillagan um að binda friðarstefnu í stjórnarskrá er lögð fram. Þessi tillaga, næði hún fram að ganga, gæti skapað kröfu um að Ísland segði sig úr Atlantshafsbandalaginu. Þessi tillaga nær einnig fram ítrustu tillögu Samtaka hernaðarandstæðinga (SHA) í erindi þeirra til ráðsins.

Valkostur 2 gengur ívið lengra en tillaga stjórnlaganefndar og tiltekur hernaðaraðgerðir frekar en stríð. Þá er felld út orðalagið „gegn öðrum ríkjum“, enda má deila um það hvort hernaðaraðgerðir eins og þær sem tíðkast í dag uppfylli annars vegar kröfu um að standast skilgreiningu á „stríði“ og hins vegar að þær séu reknar gegn „ríkjum“. Með þessu orðalagi vil ég því leggja áherslu á að ákvarðanir um að taka þátt í hernaðaraðgerðum hvers konar þurfi að hljóta þinglega meðferð og samþykki þingsins. Ég tel t.d. rétt að gera stjórnvöldum kleift að styðja við aðgerðir gegn einræðisherrum, en vil að slíkar ákvarðanir séu teknar á lýðræðislegum grundvelli. Með þessari tillögu er komið til móts við varatillögu SHA, um að reglur séu settar um stuðning við hernað.

Aðeins skemur er gengið í valkosti 3, þar sem viðurkennt er að Alþingi geti veitt stuðning við stríð, en þá fellur undan allt það sem ekki mætir hörðustu skilgreiningu á stríði, sem er einfaldlega tilraun tveggja eða fleiri ríkja til að skera úr um ágreiningsmál með ofbeldi eða hervaldi, en krefst þess að stríði sé lýst yfir sem er fjarri því að vera raunin í alþjóðakerfinu í dag og er því mér síður geðfelldur kostur.

2. gr. Samningar við önnur ríki

Grein eftir breytingu	Tillaga að breytingu	Tillaga nefndar
Ráðherra gerir <u>alþjóðasamninga fyrir hönd ríkisins</u> . Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.	Fella brott vísun í „önnur ríki“.	Ráðherra gerir <u>samninga við önnur ríki</u> . Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.

Ég geri tillögu hér að því að tala um alþjóðasamninga, frekar en samninga við önnur ríki. Ríki eru ekki ein aðilar að alþjóðasamningum heldur geta þeir verið við ríkjasambönd og alþjóðastofnanir. Þetta orðalag er því opnara og nær yfir öll tilvikin.

3. gr. Framsal ríkisvalds

Grein eftir breytingu	Tillaga að breytingu	Tillaga nefndar
Heimilt er að gera <u>alþjóðasamninga</u> sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt samningi felst. Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.	Fella brott vísun í „önnur ríki“ í 1. mgr.	Heimilt er að gera <u>samninga við önnur ríki</u> sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt samningi felst. Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

Sjá athugasemdir við 2. gr.